

Umhverfisstefna Sveitarfélagsins Árborgar

08.06. 2020

Innihald

1. STJÓRNSÝSLA	2
2. LOFTSLAGSMÁL/LOFTSLAGSSTEFNA	4
3. NÁTTÚRUVERND, SKÓGRÆKT OG LANDGÆÐI	6
4. MENNINGARMINJAR	9
5. MENNTUN	10
6. ÚRGANGUR.....	12
7. ATVINNULÍF.....	14
8. SAMGÖNGUR.....	16
9. ÁSÝND	18
10. LÝÐHEILSA OG SAMFÉLAG	19

Sveitarfélagið Árborg vill vera í fremstu röð meðal sveitarfélaga á Íslandi í umhverfismálum með sjálfbæra þróun að leiðarljósi og sérstaklega með hliðsjón af Sjálfbærnimarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Þannig vill sveitarfélagið gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða, bæði fyrir núverandi og komandi kynslóðir.

Sveitarfélagið Árborg leitast ávallt við að fylgja ákvæðum alþjóðlegra og innlendra samþykpta og áætlana, auk þess sem fylgt er öllum lögum, reglugerðum og samþykktum sem varða starfsemi sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið Árborg kappkostar að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af starfsemi sinni. Það beitir fyrirbyggjandi aðgerðum til að koma í veg fyrir rýrnun náttúrulegra og félagslegra auðlinda, og hvetur fyrirtæki, stofnanir, félög og einstaklinga til að fylgja því fordæmi og bæta frammistöðu sína á þessum sviðum.

Sveitarfélagið Árborg vinnur að stöðugum úrbótum á eigin frammistöðu í umhverfislegu, efnahagslegu og félagslegu tilliti og hefur þess vegna sett sér eftirfarandi umhverfisstefnu:

1. Stjórnsýsla

STEFNA

Stjórnsýsla Sveitarfélagsins Árborgar sé fagleg og byggi á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar

MARKMIÐ

1.1. Sveitarfélagið Árborg þekkt fyrir faglega stjórnsýslu og áherslu á sjálfbæra þróun

AÐGERÐIR

1.1.1. Fræðsla um umhverfismál fyrir sveitarstjórnarmenn

Haldin verði námskeið um umhverfismál og sjálfbæra þróun í byrjun kjörtímabils og á síðari hluta kjörtímabils fyrir fulltrúa í sveitarstjórn og fagnefndum með það að markmiði að tryggja að þeir kunni allir skil á umhverfisstefnu sveitarfélagsins, séu virkir þátttakendur í að framfylgja henni, séu meðvitaðir um áhrif starfa sinna á umhverfið og eigi auðvelt með að taka ákvarðanir með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Á námskeiðunum verði sérstaklega fjallað um loftslagsbreytingar og viðbrögð við þeim.

Tengsl við sjálfbærnimarkmið SP: 11 og 16

Ábyrgð: Skrifstofa sveitarfélagsins

Tímasetning: Innan 6 mánaða eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar og að minnsta kosti einu sinni síðar á kjörtímabilinu.

1.1.2. Virkjun íbúa

Kannaðir verði möguleikar á að opna stjórnsýslu sveitarfélagsins enn frekar og virkja íbúa til þátttöku, þ.m.t. í skipulagsmálum. Þessi skoðun beinist m.a. að miðlun upplýsinga til íbúa í gegnum heimasíðu, fréttabréf o.þ.h.; möguleikum íbúa á að koma hugmyndum og ábendingum á framfæri t.d. í rafrænni íbúagátt og skipulagningu reglubundinna funda með virkri þátttöku íbúa.

Tengsl við sjálfbærnimarkmið SP: 9, 10, 11 og 16

Ábyrgð: Bæjarstjóri

Tímasetning: Samantekt um möguleika til úrbóta lögð fyrir sveitarstjórn í síðasta lagi 1. desember 2020.

1.1.3. Umhverfisáhrif einstakra verkefna tilgreind í samþykktri fjárhagsáætlun

Í samþykktri fjárhagsáætlun verði fjallað um umhverfisáhrif einstakra verkefna, þ.m.t. áhrif á kolefnisspor sveitarfélagsins.

Tengsl við sjálfbærnimarkmið SP: 3, 6, 7, 9, 11, 13, 14 og 15

Ábyrgð: Skrifstofa sveitarfélagsins

Tímasetning: Í fyrsta sinn í samþykktri fjárhagsáætlun fyrir árið 2021.

1.1.4. Ráðning umhverfisstjóra

Ráðið verði í nýtt starf umhverfisstjóra Árborgar. Meðal verkefna er að hafa yfirumsjón með framkvæmd umhverfisstefnu sveitarfélagsins.

Tengsl við sjálfbærnimarkmið SP: 7, 8, 9, 11, 12, 13, 14 og 15

Ábyrgð: Bæjarstjórn

Tímasetning: Fyrir 1. janúar 2021.

MARKMIÐ

1.2. Umhverfisvænar vörur og þjónusta í forgangi í innkaupum sveitarfélagsins

AÐGERÐIR

1.2.1. Ný innkaupastefna

Sveitarfélagið Árborg setji sér nýja innkaupastefnu sem leysi af hólmi gildandi innkaupareglur frá 2018 og innkaupastefnu frá 2008. Í stefnunni verði tekið sérstakt tillit til loftslagsmála, lögð áhersla á vistvæn og samfélagslega ábyrg innkaup, svo sem með tengingu við umhverfisvottanir, og tekið mið af stefnumótun ríkisins og þeirra sveitarfélaga sem lengst hafa gengið á þessu sviði. Stefnan nái m.a. til kaupa á ökutækjum og flutningaþjónustu, (sjá m.a. markmið 8.2).

Tengsl við sjálfbærnimarkmið SP: 11, 12, 13, 14 og 15

Ábyrgð: Skrifstofa sveitarfélagsins

Tímasetning: Fyrir 1. febrúar 2021

1.2.2. Fræðsla um vistvæn innkaup fyrir þá sem sinna innkaupum fyrir sveitarfélagið

Þeir sem sinna innkaupum fyrir sveitarfélagið fái sérstaka fræðslu um möguleikana á að taka tillit til umhverfisvottana, kolefnisspors og annarra upplýsinga um umhverfisþætti vöru og þjónustu við innkaup.

Tengsl við sjálfbærnimarkmið SP: 11, 12, 13, 14 og 15

Ábyrgð: Skrifstofa sveitarfélagsins

Tímasetning: Í beinu framhaldi af samþykkt nýrrar innkaupastefnu

2. Loftslagsmál/Loftslagsstefna

STEFNA

Sveitarfélagið Árborg dragi eins og mögulegt er úr neikvæðum áhrifum starfsemi sinnar á loftslag, verði atvinnulífi og íbúum sveitarfélagsins til fyrirmyndar á því sviði og taki fullan þátt í samstarfi sveitarfélaga í loftslagsmálum, m.a. innan Samstarfsvettvangs sveitarfélaganna um loftslagsmál og heimsmarkmiðin

MARKMIÐ

2.1. Kolefnishlutlaus Árborg 1. janúar 2030

AÐGERÐIR

2.1.1. Útreikningur á kolefnisspori

Kolefnisspor Sveitarfélagsins Árborgar verði reiknað og niðurstöðurnar birtar í árlegu losunarbókhalda. Við útreikninginn verði stuðst við svonefndan GHG-leiðarvísi fyrir samfélög (Global Protocol for Community-Scale Greenhouse Gas Emission Inventories (GPC)). Þessi leiðarvísir er notaður fyrir losunarbókhalda borga og bæja um allan heim og var m.a. lagður til grundvallar við útreikninga á kolefnisspori Suðurlands 2018, (skýrsla væntanleg í mars 2020). Útreikningar á kolefnisspori ná eftir föngum til allrar losunar innan marka sveitarfélagsins, svo og til allrar kolefnisbindingar á sama svæði. Útreikningur á kolefnisspori myndar grunn fyrir aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, (sbr. aðgerð 2.1.2).

Tengsl við sjálfbærnimarkmið SP: 11 og 13

Ábyrgð: Sveitarstjórn

Tímasetning: Í fyrsta sinn fyrir 1. júní 2021 (fyrir reikningsárið 2020) og síðan árlega

2.1.2. Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum

Gerð verði tímasett aðgerðaáætlun í loftslagsmálum fyrir Sveitarfélagið Árborg. Í áætluninni verði gerð grein fyrir aðgerðum til að minnka kolefnisspor sveitarfélagsins (sbr. aðgerð 2.1.1) þar til kolefnishlutleysi er náð árið 2030. Í áætluninni verði gerð grein fyrir verkefnum sem miða annars vegar að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og hins vegar að því að bregðast við áhrifum loftslagsbreytinga. Heildaráætlun um endurheimt votlendis í Flóa verði hluti af aðgerðaáætluninni, (sjá einnig aðgerð **Error! Reference source not found.**). Áætlunin verði gerð til fimm ára í senn og endurskoðuð á þriggja ára fresti.

Tengsl við sjálfbærnimarkmið SP: 7, 11, 13 og 15

Ábyrgð: Sveitarstjórn

Tímasetning: Í fyrsta sinn fyrir 1. nóvember 2021 fyrir árin 2022 – 2026.

2.1.3. Fræðsla um loftslagsmál

Almenningi og rekstraraðilum í Sveitarfélaginu Árborg verði boðið upp á reglulega fræðslu um loftslagsmál, um stefnu sveitarfélagsins á þessu sviði og um hugmyndir um það sem þessir aðilar geta gert til að sporna gegn loftslagsbreytingum af mannavöldum. Útbúið verði kynningarefni þar sem bent verður á leiðir hvað þetta varðar, svo sem með yfirveguðum innkaupum, skynsamlegri orkunýtingu og réttri meðferð úrgangs. Þessi fræðsla getur verið hluti af aðgerðaáætlun sveitarfélagsins í loftslagsmálum (sjá aðgerð 2.1.2) og verið hluti af öðru reglubundnu framboði á fræðslu um umhverfismál.

Tengsl við sjálfbærnimarkmið SP: 4, 11, 12 og 13

Ábyrgð: Sveitarstjórn og umhverfisnefnd

Tímasetning: Í fyrsta sinn fyrir 1. febrúar 2022 og síðan að lágmarki einu sinni á ári

3. Náttúruvernd, skógrækt og landgæði

STEFNA

Náttúruvernd og góð umgengni um náttúruna verði leiðarstef í allri stefnumótun á vegum Sveitarfélagsins Árborgar, þar sem áhersla verði lögð á hófsama nýtingu lands, lágmörkun mengunar og endurheimt vistkerfa

MARKMIÐ

3.1. Náttúruvernd í verki

AÐGERÐIR

3.1.1. Náttúruverndaráætlun fyrir Sveitarfélagið Árborg

Unnin verði sérstök náttúruverndaráætlun fyrir Sveitarfélagið Árborg, þar sem m.a. verði tilgreind þau svæði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt X. kafla laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, svo og svæði og náttúruminjar á náttúruminjaskrá skv. 33. gr. sömu laga, auk annarra svæða og náttúrufyrirbæra sem heimamönnum þykir ástæða til að njóti verndar. Í áætluninni verði ákvæði um sérstaka aðgát vegna framkvæmda í grennd við svæði á náttúruminjaskrá, auk þess sem kynntur verði réttur almennings til að njóta útivistar í náttúrunni með áherslu á jákvæð áhrif útivistar á lýðheilsu. Við gerð áætlunarinnar verði sérstaklega kannaðir möguleikar á að fjölga friðlýstum svæðum í sveitarfélaginu. Áætlunin verði þannig sett fram og kynnt að hún verði aðgengileg íbúum og gestum sveitarfélagsins.

Tengsl við sjálfbærnimarkmið SP: 14 og 15

Ábyrgð: Umhverfisnefnd og skipulags- og bygginganefnd

Tímasetning: Fyrir 1. nóvember 2021

3.1.2. Símenntun um náttúruvernd

Íbúum sveitarfélagsins Árborgar verði reglulega boðið upp á fræðslu um náttúruvernd, svo sem með hefðbundnum námskeiðum í samvinnu við Fræðslunet Suðurlands, þar sem m.a. verður greint frá niðurstöðum rannsókna á náttúrufari svæðisins. Þessi fræðsla getur verið hluti af öðru reglubundnu framboði á fræðslu um umhverfismál, (sjá einnig aðgerð 5.3.1).

Tengsl við sjálfbærnimarkmið SP: 4, 14 og 15

Ábyrgð: Sveitarstjórn

Tímasetning: Í fyrsta sinn fyrir 1. apríl 2022

MARKMIÐ

3.2. Viðhald líffræðilegrar fjölbreytni

AÐGERÐIR

3.2.1. Stuðningur við rannsóknir á lífríki

Sveitarfélagið Árborg styðji markvisst við rannsóknir á lífríkinu innan sveitarfélagsins til að renna stoðum undir verndun þess. Í þessu sambandi hafi þær rannsóknir forgang sem fást við líffræðilega fjölbreytni, svo sem rannsóknir á útbreiðslu ágengra tegunda og rannsóknir á búsvæðum tegunda sem eiga undir högg að sækja. Sérstök áhersla verði lögð á rannsóknir á votlendissvæðum í sveitarfélaginu, þ.e. í fjörunni og skerjagarðinum, í Friðlandi í Flóa og á tjarnarsvæði milli Gamla-Hrauns og Stokkseyrar. Stuðningur sveitarfélagsins við rannsóknir af þessu tagi felist m.a. í sköpun aðstöðu og ráðstöfun tiltekinna fjármuna á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins frá og með fjárhagsárinu 2021.

Tengsl við sjálfbærnimarkmið SP: 13, 14 og 15

Ábyrgð: Sveitarstjórn

Tímasetning: Frá og með fjárhagsárinu 2021

MARKMIÐ

3.3. Skynsamleg landnýting og aukin landgæði

AÐGERÐIR

3.3.1. Kortlagning landgæða og landnýtingar

Landnýting í sveitarfélaginu verði kortlögð, einkum með tilliti til eftirtalinna þátta:

- Landbúnaðarland og nýting þess
- Votlendi, óraskað og framræst (sjá einnig aðgerð 2.1.1)
- Rofsvæði (land- og sjávarrof)
- Efnistökusvæði
 - Gildistími framkvæmdaleyfa
 - Frágangur fullnýttra svæða
- Jarðvegstíppar

Tengsl við sjálfbærnimarkmið SP: 11, 13 og 15

Ábyrgð: Sveitarstjórn

Tímasetning: Fyrir 1. nóvember 2021

3.3.2. Grænt skipulag Árborgar

Unnið verði grænt skipulag fyrir Árborg sem tekur yfir uppbyggingu skógar- og gróðurauðlindar með áherslu á endurheimt vistkerfa, svo sem votlendis og birkiskóga. Skipulagið verði gert að veigamiklum þætti í aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Tengsl við sjálfbærnimarkmið SP: 3, 11, 13 og 15

Ábyrgð: Sveitarstjórn

Tímasetning: Fyrir árslok 2021

3.3.3. Aðgerðaáætlun um landnýtingu

Á tengslum við grænt skipulag Árborgar verði gerð tímasett aðgerðaáætlun sem miðar að því að koma í veg fyrir frekari röskun umhverfis og bæta úr því sem aflaga hefur farið. Aðgerðaáætlunin feli í sér tillögur

- um jarðvegsvernd almennt
- um endurheimt votlendis þar sem aðstæður leyfa (sjá einnig aðgerð 2.1.2),
- um endurheimt birkiskóga,
- um skógrækt í sátt við umhverfi og íbúa,
- um varnir gegn rofi af völdum sjávar og vatnsfalla,
- um uppgræðslu rofsvæða,
- um endurskoðun eða uppfærslu starfsleyfa vegna efnistöku,
- um frágang fullnýtttra efnistökusvæða.

Sérstaklega verði leitað eftir samstarfi við Landgræðsluna, skógræktarfélögin á svæðinu, svo og við Fuglaverndarfélag Íslands hvað varðar endurheimt votlendis.

Tengsl við sjálfbærnimarkmið SP: 11, 13 og 15

Ábyrgð: Sveitarstjórn, umhverfisnefnd og skipulags- og bygginganefnd

Tímasetning: Samhliða endurskoðun aðalskipulags

3.3.4. Árlegur skógræktardagur

Haldinn verði skógræktardagur í Árborg árlega, þar sem íbúum gefst kostur á að taka þátt í gróðursetningu í samræmi við grænt skipulag Árborgar (sjá aðgerð 3.3.2) og aðgerðaáætlun um landnýtingu (sjá aðgerð 3.3.3). Dagurinn verði jafnframt nýttur til fræðslu um mikilvægi skóga fyrir lýðheilsu og loftslagsmál. Sérstök áhersla verði lögð á að fjölskyldur taki sameiginlega þátt í deginum. Aðgerðin tengist einnig markmiði 10.1 um útivist fyrir alla, svo og aðgerð 5.3.1 um símenntun um umhverfismál.

Tengsl við sjálfbærnimarkmið SP: 3, 11, 13 og 15

Ábyrgð: Sveitarstjórn og umhverfisnefnd

Tímasetning: Sumarið 2021 og síðan árlega

4. Menningarminjar

STEFNA

Komandi kynslóðir í Sveitarfélaginu Árborg fái notið núverandi menningarminja eins ósnortinna og óspilltra sem verða má

MARKMIÐ

4.1. Verndun menningarminja

AÐGERÐIR

4.1.1. Áætlun um verndun menningarminja

Unnin verði sérstök áætlun um verndun menningarminja í Sveitarfélaginu Árborg. Fornleifaskráning liggja til grundvallar áætluninni, auk þess sem tekið verði sérstakt mið af ákvæðum laga nr. 87/2015 um verndarsvæði í byggð. Í áætluninni verði m.a. skilgreind þau svæði sem njóta sérstakrar verndar, auk annarra minja sem heimamönnum þykir ástæða til að njóti verndar. Áætlunin verði þannig sett fram og kynnt að hún verði aðgengileg íbúum og gestum sveitarfélagsins.

Tengsl við sjálfbærnimarkmið SP: 11

Ábyrgð: Sveitarstjórn og skipulags- og bygginganefnd

Tímasetning: Fyrir 1. nóvember 2021

5. Menntun

STEFNA

Íbúar í Sveitarfélaginu Árborg, ungir sem aldnir, hafi aðgang að upplýsingum og fræðslu um umhverfismál og sjálfbæra þróun

MARKMIÐ

5.1. Almenn þekking á nánasta umhverfi og lífríki þess

AÐGERÐIR

5.1.1. Fræðsla um nánasta umhverfi íbúa Árborgar

Ráðist verði í sérstakt fræðsluverkefni til að auka þekkingu barna og ungmenna á leikskóla-, grunnskóla- og framhaldsskólastigi á nánasta umhverfi þeirra í Árborg og á lífríki þess, sögu og menningu. Fræðsluefni og námskeið um þetta verði einnig gerð aðgengileg almenningi og félögum, m.a. með hefðbundnum námskeiðum í samvinnu við Fræðslunet Suðurlands, (sjá einnig aðgerðir 5.2.1 og 5.3.1).

Tengsl við sjálfbærnimarkmið SP: 4 og 11

Ábyrgð: Fræðslunefnd og skólastjórnendur

Tímasetning: Frá og með haustinu 2021

MARKMIÐ

5.2. Grænfánar í öllum skólum á vegum sveitarfélagsins fyrir árslok 2021

AÐGERÐIR

5.2.1. Grænfánavæðing skóla

Allir skólastjórnendur verði hvattir til að sækja um Grænfánann, hafi það ekki þegar verið gert. Fræðslunefnd hafi frumkvæði að þessu, svo sem með að koma á kynningarfundum með fulltrúum Landverndar og skólastjórnendum, bæði þeim sem þegar vinna með Grænfánum og þeim sem ekki hafa hafið starfið.

Tengsl við sjálfbærnimarkmið SP: 4 og 11

Ábyrgð: Fræðslunefnd og skólastjórnendur

Tímasetning: Formlegt samstarf við Landvernd tekið upp fyrir 1. maí 2021. Allir grunnskólar og leikskólar flaggi Grænfánum fyrir 31. desember 2021.

MARKMIÐ

5.3. Umhverfisfræðsla fyrir fullorðna

AÐGERÐIR

5.3.1. Símenntun um umhverfismál

Íbúum Sveitarfélagsins Árborgar verði reglulega boðið upp á fræðslu í umhverfismálum, svo sem um loftslagsmál, náttúruvernd, flokkun úrgangs, jarðgerð, aðra endurvinnslu, matjurtaækt, neyslu og sóun. Fræðslan verði t.d. veitt með hefðbundnum námskeiðum í samvinnu við Fræðslunet Suðurlands, með dreifingu prentaðs upplýsingaefnis og með lifandi upplýsingum um umhverfismál á heimasíðu sveitarfélagsins, (sjá einnig aðgerð 3.1.2).

Tengsl við sjálfbærnimarkmið SP: Öll

Ábyrgð: Sveitarstjórn og umhverfisnefnd

Tímasetning: Í fyrsta sinn fyrir 1. apríl 2022

6. Úrgangur

STEFNA

Sveitarfélagið Árborg verði í fararbroddi meðal íslenskra sveitarfélaga í úrgangsförvörnum og bætt nýting auðlinda verði markmið í allri ákvarðanatöku um meðhöndlun úrgangs

MARKMIÐ

6.1. Urðun að hámarki 5% af heildarmagni úrgangs

AÐGERÐIR

6.1.1. Fræðsla um úrgangsförvarnir, flokkun og endurvinnsla

Boðið verði upp á fræðslu um úrgangsförvarnir fyrir almenning og rekstraraðila í samvinnu við Sorpstöð Suðurlands. Könnun á stöðu úrgangsmála hjá fyrirtækjum og stofnunum er í undirbúningi (ágúst 2020). Í framhaldi af því verði útbúið kynningarefni þar sem bent verður á leiðir til að koma í veg fyrir að úrgangur myndist, svo sem með yfirveguðum innkaupum, rétttri meðferð og viðgerðum. Þá verði fjallað sérstaklega um mikilvægi flokkunar til að tryggja sem best hámarksnýtingu þeirra auðlinda sem til staðar eru í úrganginum, þ.m.t. um mikilvægi þess að fastur úrgangur berist ekki í fráveitukerfi. Þessi fræðsla getur verið hluti af reglubundnu framboði á fræðslu um umhverfismál, (sjá aðgerðir 0 og 5.3.1).

Tengsl við sjálfbærnimarkmið SP: 4, 11 og 12

Ábyrgð: Sveitarstjórn og umhverfisnefnd

Tímasetning: Fyrir 1. febrúar 2021

6.1.2. Aukin flokkun og endurvinnsla

Leitað verði leiða, m.a. í samstarfi við Sorpstöð Suðurlands og úrgangsfyrirtæki, til að hámarka flokkun og endurvinnslu þess úrgangs sem til fellur í sveitarfélaginu og til að koma þeim úrgangi, sem ekki tekst að endurvinnna, í aðra endurnýtingu. Þetta verði m.a. gert með því að innleiða sem fyrst ákvæði breyttra laga um meðhöndlun úrgangs (sbr. frumvarp á vörþingi 2020). Jafnframt verði kannaðir möguleikar á að lífrænn úrgangur sem fellur til í sveitarfélaginu verði jarðgerður og nýttur á svæðinu og skoðað sérstaklega hvort og hvernig auka megi gæði og bæta nýtingu afurðarinnar og minnka þannig kolefnisspor byggðarlagsins, (sjá markmið 2.1). Sérstaklega verði hugað að ákvæðum um umhverfislega frammistöðu í útboðum og verksamningum á sviði úrgangsmála, (sjá einnig markmið 1.2).

Tengsl við sjálfbærnimarkmið SP: 11, 12 og 13

Ábyrgð: Sveitarstjórn

Tímasetning: Fyrir 1. mars 2021

MARKMIÐ

6.2. Gjaldskrá í samræmi við mengunarbótareglu

AÐGERÐIR

6.2.1. Aðlögun gjaldskrár fyrir meðhöndlun úrgangs

Gjaldskrá Sveitarfélagsins Árborgar fyrir meðhöndlun úrgangs verði endurskoðuð með það að meginmarkmiði að heildarfjárhæð árlegra sorpgjalda standi undir öllum kostnaði sveitarfélagsins vegna meðhöndlunar úrgangs eins og kveðið er á um í 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. kostnaði vegna þróunar nýrrar tækni, rannsókna, fræðslu og kynningarmála.

Tengsl við sjálfbærnimarkmið SP: 11 og 12

Ábyrgð: Sveitarstjórn og umhverfisnefnd

Tímasetning: Tillaga að nýrri gjaldskrá tilbúin til afgreiðslu 1. október 2020

MARKMIÐ

6.2.2. Fullnægjandi hreinsun skólps

AÐGERÐIR

6.2.3. Bygging tveggja þrepa hreinsistöðvar við Selfoss

Sett verði upp tveggja þrepa hreinsistöð við Sandvík sem taki við öllu skólpi frá byggðinni á Selfossi og veiti því út í meginstraum Geitanesflúða að hreinsun lokinni. Framkvæmdir við verkið hefjist á árinu 2021 þegar tilskilin leyfi liggja fyrir að fenginni niðurstöðu umhverfismats og þegar deiliskipulag hefur verið samþykkt. Í framhaldinu verður unnið í framtíðar fráveitulausnum á Stokkseyri og Eyrarbakka.

Tengsl við sjálfbærnimarkmið SP: 6, 11, 13 og 14

Ábyrgð: Sveitarstjórn og umhverfisnefnd

Tímasetning: Verklök fyrir árslok 2024

6.2.4. Endurnýting seyru

Allri seyru sem til fellur í sveitarfélaginu verði komið í endurnýtingu, svo sem í landgræðslu, jarðgerð eða gasframleiðslu. Þetta á bæði við um seyru frá rotþróum og frá nýrri tveggja þrepa hreinsistöð við Sandvík.

Tengsl við sjálfbærnimarkmið SP: 11, 13 og 15

Ábyrgð: Sveitarstjórn og umhverfisnefnd

Tímasetning: Öll seyra frá rotþróum endurnýtt fyrir árslok 2021
Öll seyra frá hreinsistöð endurnýtt fyrir árslok 2025

7. Atvinnulíf

STEFNA

Fyrirtæki í Árborg dragi eins og mögulegt er úr neikvæðum áhrifum sínum á umhverfið og upplýsi íbúa um umhverfisþætti í rekstrinum.

MARKMIÐ

7.1. Atvinnulíf í sátt við náttúru og samfélag.

AÐGERÐIR

7.1.1. Atvinna í heimabyggð

Kannaðir verði möguleikar á aðkomu sveitarfélagsins að uppbyggingu skrifstofuaðstöðu (skrifstofuhótels) til að auðvelda íbúum Árborgar að sækja vinnu í öðrum héruðum án daglegra langferða. Leitað verði eftir samstarfi við ríkið og stofnanir þess, svo og við stórfyrirtæki á landsvísu, með það fyrir augum að fjölga tækifærum til starfa án staðsetningar.

Tengsl við sjálfbærnimarkmið SP: 5, 8, 9, 11 og 13

Ábyrgð: Sveitarstjórn og skipulags- og bygginganefnd

Tímasetning: Fyrir árslok 2020

7.1.2. Samgöngusamningar

Kostir samgöngusamninga verði kynntir fyrir rekstraraðilum í Árborg með það að markmiði að sem flestir þessara aðila bjóði starfsfólki umbun fyrir að nýta sér vistvænan ferðamáta til og frá vinnu. Liður í þessari kynningu verði að leggja rekstraraðilum til fyrirmynd (skapalón) að slíkum samningi.

Tengsl við sjálfbærnimarkmið SP: 11

Ábyrgð: Sveitarstjórn

Tímasetning: Fyrir 1. október 2020

7.1.3. Kortlagning hávaða

Hávaði frá atvinnurekstri í sveitarfélaginu verði kortlagður til að fylgja eftir og fá samanburð við fyrri kortlagningu (sbr. [Aðgerðaáætlun gegn hávaða 2013-2018](#)). Sérstök áhersla verði lögð á að kortleggja útbreiðslu hávaða frá iðnaðarsvæðum, þ.m.t. í Gagnheiði, en í fyrri skoðun komu fram vísbendingar um að iðnaður á því svæði valdi hækkuðu hljóðstigi í nálægri íbúðabyggð á Selfossi. Einnig verði útbreiðsla hávaða á öðrum þéttbýlisstöðum í sveitarfélaginu kortlögð. Í framhaldi af þessu verið aðgerðaáætlunin frá 2013-2018 uppfærð með gildistíma t.d. 2021-2025. Markmið úrbóta verði að hávaði frá starfsemi og umferð valdi íbúum og gestum í Árborg sem minnstu ónæði og að heimafólk og gestir geti notið kyrrðar og náttúruhljóða þar sem aðstæður bjóða upp á slíkt á annað borð.

Tengsl við sjálfbærnimarkmið SP: 3 og 11

Ábyrgð: Sveitarstjórn og skipulags- og bygginganefnd

Tímasetning: Fyrir 1. mars 2021

7.1.4. Nýsköpun í atvinnulífi í anda græns hagkerfis

Gerð verði úttekt á atvinnutækifærum í sveitarfélaginu í anda græns hagkerfis, m.a. m.t.t. tillagna sem settar voru fram árið 2011 í skýrslu Alþingis um eflingu græns hagkerfis á Íslandi. Jafnframt verði aðilar aðstoðar við könnun á möguleikum á öflun styrkja til verkefna af þessum toga.

Tengsl við sjálfbærnimarkmið SP: 9 og 11

Ábyrgð: Sveitarstjórn

Tímasetning: Fyrir 1. febrúar 2021

MARKMIÐ

7.2. Umhverfisvæn ferðaþjónusta

AÐGERÐIR

7.2.1. Hvatning til aðila í ferðaþjónustu til að afla sér umhverfisvottunar

Mismunandi valkostir í umhverfisvottun ferðaþjónustufyrirtækja verði kynntir fyrir aðilum í ferðaþjónustu og þeir hvattir til að afla sér vottunar. Þetta verði t.d. gert með kynningarfundum og/eða útgáfu einfalds bæklingur (t.d. fjórblöðungs) um helstu valkosti, t.d. í samstarfi við Markaðsstofu Suðurlands, Ferðamálastofu og Umhverfisstofnun.

Tengsl við sjálfbærnimarkmið SP: 8 og 9

Ábyrgð: Sveitarstjórn

Tímasetning: Fyrir 1. febrúar 2021

8. Samgöngur

STEFNA

Sjálfbær þróun og öryggi íbúa séu í fyrirrúmi við þróun og uppbyggingu samgöngumannvirkja í Árborg

MARKMIÐ

8.1. Umhverfisvænni samgöngur

AÐGERÐIR

8.1.1. Úttekt á almenningssamgöngum

Gerð verði úttekt á tækifærum til úrbóta í almenningssamgöngum með það að markmiði að finna leiðir til að auka hlut almenningssamgangna milli Árborgar og höfuðborgarsvæðisins og milli þéttbýlisstaða innan sveitarfélagsins.

Tengsl við sjálfbærnimarkmið SP: 3, 11 og 13

Ábyrgð: Sveitarstjórn

Tímasetning: Fyrir 1. desember 2020 með árlegri uppfærslu

8.1.2. Uppbygging hleðslustöðva

Leitað samstarfs við orkufyrirtæki eða aðra aðila um fjölgun 32A hleðslustöðva fyrir rafbíla í sveitarfélaginu.

Tengsl við sjálfbærnimarkmið SP: 7, 9, 11 og 13

Ábyrgð: Sveitarstjórn

Tímasetning: Fyrir 1. október 2020

MARKMIÐ

8.2. Öll ökutæki á vegum sveitarfélagsins knúin endurnýjanlegri orku í árslok 2025

8.2.1. Rafvæðing ökutækja á vegum sveitarfélagsins (til skemmri tíma)

Kannaðir möguleikar á rafvæðingu ökutækja á vegum sveitarfélagsins fyrir árslok 2021, einkum tækja sem að jafnaði er ekið innan við 100 km á dag.

Tengsl við sjálfbærnimarkmið SP: 7, 11 og 13

Ábyrgð: Sveitarstjórn

Tímasetning: Fyrir 1. maí 2021

8.2.2. Endurnýjun allra ökutækja á vegum sveitarfélagsins (til langframa)

Öll ökutæki á vegum sveitarfélagsins verði endurnýjuð með því að skipta ökutækjum sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti út fyrir ökutæki sem knúin er af endurnýjanlegri orku. Þessum orkuskiptum verði að fullu lokið fyrir árslok 2025.

Tengsl við sjálfbærnimarkmið SP: 7, 11 og 13

Ábyrgð: Sveitarstjórn

Tímasetning: Fyrir árslok 2025

MARKMIÐ

8.3. Þéttriðið net göngu-, hjóla- og reiðstíga

AÐGERÐIR

8.3.1. Uppbygging göngu-, hjóla- og reiðstíga

Gerð verði áætlun um frekari uppbyggingu göngu-, hjóla- og reiðstíga í sveitarfélaginu, m.a. með hliðsjón af korti yfir slíka stíga sem gefið var út árið 2008.

Áætlunin hafi það m.a. að markmiði að stígar tengi saman alla þéttbýliskjarna í sveitarfélaginu. Hugað sé sérstaklega að lýsingu á stígum og öryggisþáttum vegna annarrar umferðar.

Tengsl við sjálfbærnimarkmið SP: 3, 11 og 13

Ábyrgð: Sveitarstjórn og skipulags- og bygginganefnd

Tímasetning: Fyrir 1. mars 2021

9. Ásýnd

STEFNA

Ásýnd byggðarinnar í Árborg verði með því besta sem gerist á Íslandi

MARKMIÐ

9.1. Sveitarfélagið Árborg orðlagt fyrir snyrtilegt yfirbragð

AÐGERÐIR

9.1.1. Úttekt á ásýnd og umhverfi í Árborg

Unnin verði úttekt á ásýnd og umhverfi í Sveitarfélaginu Árborg og niðurstöður teknar saman í skýrslu með tillögum til úrbóta. Hluti af þessari úttekt verði samantekt um núverandi fyrirkomulag á förgun ónýtra tækja og mannvirkja í sveitarfélaginu og tillögur til úrbóta á því sviði, m.a. hvað varðar flokkun og meðhöndlun úrgangs við nýbyggingar og niðurrif mannvirkja og við meðhöndlun úrsérgenginna ökutækja. Úttektin nái einnig til skilta við heimreiðir. Framkvæmdin gæti t.d. tekið mið af verkefninu *Úrbótanga* í sveitarfélögum á Austurlandi.

Tengsl við sjálfbærnimarkmið SP: 11

Ábyrgð: Sveitarstjórn, umhverfisnefnd og skipulags- og bygginganefnd

Tímasetning: Fyrir 1. júní 2021

9.1.2. Átak í merkingum

Merkingar verði bættar í því augnamiði að gera mörk sveitarfélagsins sýnilegri og bæta ímynd þess og ásýnd. Í þessu átaki verði komið upp skiltum með merki sveitarfélagsins á sveitarfélagamörkum, þar sem vegfarendur eru boðnir velkomnir. Jafnframt verði sett upp skilti með samræmt útlit á helstu áningarstöðum þar sem slík skilti eru ekki fyrir. Haft verði samráð við landeigendur, heimafólk og umsjónaraðila friðlýstra svæða í þessari vinnu.

Tengsl við sjálfbærnimarkmið SP: 11

Ábyrgð: Sveitarstjórn, umhverfisnefnd og skipulags- og bygginganefnd

Tímasetning: Fyrir 1. júní 2021

10. Lýðheilsa og samfélag

STEFNA

Íbúar Sveitarfélagsins Árborgar séu meðvitaðir um mikilvægi hreyfingar og útivistar fyrir andlega og líkamlega heilsu og þekki og nýti sér þá valkosti sem sveitarfélagið hefur upp á að bjóða á þessu sviði

MARKMIÐ

10.1. Útivist fyrir alla

AÐGERÐIR

10.1.1. Aðgerðaáætlun um hreyfingu og útivist

Sérstökum starfshópi verði falið að vinna drög að aðgerðaáætlun um hreyfingu og útivist með það að markmiði að bæta aðstöðu til útivistar og gera hana sem aðgengilegasta, svo sem með hreyfiseðlum, uppbyggingu og endurbótum á stígum (sjá einnig aðgerð 8.3.1), fræðslu og stuðningi við hvers konar útivistarsamtök. Óskað verði eftir því að stofnanir og samtök tilnefni fulltrúa í hópinn, svo sem Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Félagsþjónusta Árborgar, Menningar- og frístundasvið, aðildarfélög HSK innan Árborgar, Hlaupahópurinn Frískir Flóamenn o.s.frv. Tengsl við stefnu sveitarfélagsins um málefni aldraðra og íþróttá- og tómstundastefnu verði skoðuð sérstaklega í þessu samhengi.

Tengsl við sjálfbærnimarkmið SP: 3 og 11

Ábyrgð: Sveitarstjórn

Tímasetning: Starfshópur skipaður fyrir 1. október 2020 og skili drögum að aðgerðaáætlun fyrir 1. mars 2021

10.1.2. Fræðsla um hreyfingu og útivist sem forvörn gegn sjúkdómum

Íbúum Sveitarfélagsins Árborgar verði boðið upp á fræðslu um hreyfingu og útivist, með sérstakri áherslu á mikilvægi þessara þátta sem forvarnar gegn sjúkdómum. Fræðslan hafi það m.a. að markmiði að kynna aðgerðaáætlun sveitarfélagsins um hreyfingu og útivist (sjá aðgerð 10.1.1). Fræðslan verði t.d. veitt með hefðbundnum námskeiðum í samvinnu við Fræðslunet Suðurlands, með dreifingu prentaðs upplýsingaefnis og með lifandi upplýsingum um hreyfingu og útivist á heimasíðu sveitarfélagsins.

Tengsl við sjálfbærnimarkmið SP: 3 og 11

Ábyrgð: Sveitarstjórn

Tímasetning: Fyrir 1. maí 2021

Samþykkt í bæjarstjórn 10.06.2020
